

Þjálfarafundir

Einstaklingur úr mótstjórn heldur þjálfarafund við upphaf hvers keppnishluta. Tímasetning þjálfarafundar kemur fram í skipulagi móts

- **Nafnakall þjálfara**
 - Listi yfir þjálfara sem skráðir eru á mót fylgir í mótsgögnum sem koma frá FSÍ. Fulltrúi frá hverju félagi staðfestir nöfn og fjölda þjálfara frá sínu félagi. Mikilvægt er að skrá niður ef einhverja þjálfara vantar á listan. Það er engu að síður mikilvægt að reglur varðandi fjölda þjálfara á keppnisgólfi séu virtar.
- **Afhending nafnalista**
 - Nafnalistar berast mótshöldurum í tölvupósti þá þarf að prenta út og afhenta á fundinum.
- **Forföll keppenda**
 - Fara þarf vel yfir hvort einhverjir keppendur séu ekki mættir til leiks þar sem engin númer eru á keppendum og því mikilvægt að þjálfarar og dómarar séu með réttan lista í höndunum. Þegar þjálfarafundi lýkur kemur mótstjórn þessum upplýsingum til skila til yfirdómara í mótshluta.
- **Hvar er biðsvæði keppenda**
 - Við leggjum metnað í ásýnd móta og gerum kröfu á að keppendur haldi sjálfum sér og sínu hafurtaski inni á afmörkuðu keppendasvæði.
- **Er marserað milli áhalda/umferða**
 - Mótshaldara er í sjálfsvald sett hvort hann vill að marserað sé milli áhalda. Það er þó mælt til að áhaldaskipti séu tilkynnt svo mótið gangi betur fyrir sig.
- **Minna á helstu tímasetningar-innmars-upphitun á áhöldum ef einhver er.**
 - Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um tímasetningar svo mótið gangi hratt of vel fyrir sig.